

Dagskrá Iðunnar haustið 2017

Í haust verða kvæðalagaæfingar og félagsfundir á þessa leið:

<i>Kvæðalagaæfingar</i>	<i>Félagsfundir</i>
<i>mið. 4. október kl. 19:00</i>	<i>fös. 6. október kl. 20:00</i>
<i>lau. 4. nóvember kl. 14:00</i>	<i>fös. 3. nóvember kl. 20:00</i>
<i>mið. 6. desember kl. 19:00</i>	<i>fös. 8. desember kl. 20:00</i>

Vakin er athygli á því að í nóvember verður kvæðalagaæfingin ekki á miðvikudegi heldur laugardegi, þann 4. og verður hún í Háholti á neðstu hæð til hægri í Gerðubergi. Æfingin verður fyrir börn og þá sem hafa gaman af að kveða og syngja með börnum.

Félagar eru hvattir til að mæta á sem flesta fundi og ekki gleyma æfingunum því þar geta menn kynnst betur innviðum félagsins og sögu. Einnig eru félagar hvattir til að taka með sér gesti, bæði á fundi og æfingar, því fundir Iðunnar eru öllum opnir. Starfsemi félagsins fer fram í Gerðubergi.

Segulbönd Iðunnar

Nú er unnið að undirbúningi á útgáfu 160 kvæðalaga úr safni félagsins; nánar tiltekið þær upptökur sem gerðar voru á segulbönd í kringum 1960 og bera lagboðanúmerin 201 til 360. Rósa Þorsteinsdóttir sér um verkefnið.

Sótt var um styrki til Miðstöðvar íslenskra bókmennta og Tónlistarsjóðs Íslands og gaman er að flytja þær gleðifréttir að styrkir fengust úr báðum sjóðum. Miðstöð íslenskra bókmennta veitti verkefninu hæsta útgáfustyrk sinn að þessu sinni, eina og hálf milljón króna og 800 þúsund krónur fengust úr Tónlistarsjóði.



FRÉTTABLAÐ IÐUNNAR

128. tölublað – 38. árgangur
Útgefandi: Kvæðamannafélagið Iðunn

Ágúst 2017
Ábm: Bára Grímsdóttir

Hautferð Iðunnar 2. september 2017

Hautferðin verður farin fyrsta laugardag í september að venju, sem í þetta sinn ber upp á 2. september.

Leiðin liggur á starfssvæði eins af yngstu kvæðamannafélögum landsins, Snorra í Borgarfirði. Ekið verður um Hvalfjörð, þar sem Hernámssetrið verður heimsótt, og Dragháls þar sem Sveinbjörns Beinteinssonar, alsherjagoða og kvæðamanns, verður minnst. Þá verður haldið að Reykholti þar sem Snorrastofa stendur fyrir sýningunni Saga Snorra (hún fjallar um Snorra Sturluson en ekki kvæðamannafélagið) :-D Eftir að hún hefur verið skoðuð verður snæddur hádegisverður (súpa, pasta og salat) á Fosshótelu í Reykholti. Páll á Húsafelli verður síðan heimsóttur og litið á Hraunfossa í leiðinni. Á þessum hluta ferðarinnar munu félagar í kvæðamannafélaginu Snorra koma eitthvað við sögu.

Seinnipartinn er svo ætlunin að heimsækja Safnahús Borgarfjarðar í Borgarnesi og fá leiðsögn um hinar stórskemmtilegu sýningar 'Börn í 100 ár' og 'Ævintýri fuglanna'. Áður en lagt verður af stað aftur til Reykjavíkur verður snæddur kvöldverður í Landnámssetrinu (Grillsteikt lambafile með ofnbökuðu rötargrænmeti, kartöflubátum og rósarín-döðlusósu; volg súkkulaðikaka með blautum kjarna ásamt þeyttum rjóma; kaffi eða te).

Haustferð frh.

Lagt verður af stað frá BSÍ (með rútu frá hinu liðlega rútuþyrirtæki Snæland Grímsson!) stundvíslega kl. 8:30 og áætlað að koma til baka á sama stað um kl. 21:00.

Þátttakendur greiða 11.000 kr. hver og er þá allt innifalið, þ.e. rútuferð, hádegis- og kvöldverður, leiðsögn og aðgangseyrir á allar sýningar sem eru á dagskránni.

Þátttöku skal tilkynna til Rósu Þorsteinsdóttur fyrir þriðjudaginn 29. ágúst á netfangið rosat@hi.is eða í síma 8470870.

Vísnaðnikja

Sumardagar sífellt vikja.
Senn í fönn er staðið.
Vongóður þó vil ég sníkja
visu í fréttablaðið.

Helgi Zimsen

Sumardagur

Gróðurangan görðum frá
gleði fangar hugann.
Hlýnar vangar hýrnar brá
held mig langi ís að fá.

Sigurlín Hermannsdóttir

Sléttubönd

Stela auði hiklaust hér
hylja þrjótar slóðann.
Fela þýfið seggir sér
sjálfum ætla gróðann.

Ingólfur Ó. Ármanns.

Um túrista

Ergelsi mitt aukast finn,
æðasláttur gerist hraður,
bak við gráa bílinn minn
er berrassaður ferðamaður.

Sigrún Haraldsdóttir

Um vegferð

Vísast að mér verð að gá,
vona og halda í trúna,
það er svartapoka á
Þrengslavegi núna.

Sigrún Haraldsdóttir

Vorið heilsar!

Glóey frið um grund og hlið
geislum blíðum vefur.
Sindri skryðir sædjúp víð,
sælu lýðum gefur.

Sigmundur Benediktsson

Furðusaga af Kili

Eitt sinn gekk ég yfir Kjöl
á einum degi og fram á kvöld.
Í nesti hafði nýttind söl,
njólabrauð og tólgarskjöld.

Mörgum draugum mætti þar,
mórar settu í nestið klær,
skutust víða skotturnar,
skónum mínum stálu þær.

Á Hveravöllum virtist krökkt,
vofufylking upp þar spratt,
í heita laug sér hafði sökkt
nú heimtaði af mér vegaskatt.

Í Þjófakrókum þreyttan leit
þrettán vetra dauðan hrút
grýtta hraunið bláa beit,
brennivínið drakk af stút.

Er niður hallar norður af
nístingskuldi hreldi víf.
Fljótt mig næstum fennti í kaf,
fylltist hræðslu um eigið líf.

Rifin upp af römmum hal
– Reynisstaðarbræður þar –
í boga flaug um fjallasal,
feikna hörð mín lending var.

Ef fara þarf nú þennan veg,
þeytast fjöll og hæðardrag,
yfir Kjöl þá keyri ég
svo komist fyrir sólarlag.

Sigurlín Hermannsdóttir

Sumri fer senn að ljúka

Kylja næðir kraumar sær
kögur rís á öldu.
Mánaskini mildu slær
á marardjúpin köldu.

Ingólfur Ó. Ármanns.

Bylur regnið beint á ská,
böli þegnar lýsa.
Varla megnar vind að slá
veðurfregnavísa.

Sálin egnir súldarvott
svelgist regn í lindir.
Allar þvegna eru á brott
okkar vegnu syndir.

Gunnar Straumland

Inn til lands við aftanklið,
eins og skip að nausti,
sýnist mér að sumarið
sigli brátt að hausti.

Gunnar Straumland